

## Samstarfssamningar vegna starfsheilda

Stofa sem telur færri en sjö sjúkraþjálfara getur með samstarfssamningi við stærri stofu, sem starfar sem starfsheild, gengið inn í þá starfsheild. Ber sú minni þá jafna ábyrgð með þeirri stærri á þeim kröfum sem gerðar eru til starfsheildarinnar. Nánari útlistun á þessum kröfum má finna í skjali samstarfsnefndar Sjúkratrygginga og Félags sjúkraþjálfara sem ber heitið „Starfsheildir sjúkraþjálfara - kröfur og gæðavísar“, sjá *hér*.

Samstarfssamningur skal vera skriflegur og innihalda upplýsingar um hvernig stofurnar ætli í sameiningu að tryggja þær kröfur sem gerðar eru til starfsheilda, sbr. ofangreint skjal. Í þessu felst meðal annars að í samstarfssamningi þurfi að koma fram hvernig samstarfi vegna aðgengis- og gæðamála verði háttáð, t.d. hvað varðar samráðsfundi, þjónustukannanir og eftirlit, og hvernig framkvæma eigi opnunartímakröfur sem gerðar eru til starfsheilda og aðrar upplýsingar sem starfsheild metur að þörf sé á sérstökum útfærslum vegna samstarfsins. Allir innan starfsheildarinnar bera sömu ábyrgð á að uppfylla kröfur um starfsheildir og jafnt skal ganga yfir alla aðila innan starfsheildarinnar.

Senda þarf afrit af samstarfssamningi til Sjúkratrygginga þegar tilkynnt er um starfsheild eða breytingu á starfsheild.